



Samanburður á úrræðum og umsókna um
þjónustu til Barna- og fjölskyldustofu á
fyrstu þremur mánuðum árunum 2019 -
2022

ÁGÚST 2022

Við áramót 2022 urðu breytingar í barna og fjölskyldumálum þegar Barnaverndarstofa var lögð niður og ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa. Þó að sum verkefni Barnaverndarstofu fóru yfir til Gæða- og eftirlitsstofnunar eru þau úrræði sem hér verða til umfjöllunar enn á vegum Barna- og fjölskyldustofu.

Í þessari samantekt er að finna upplýsingar um úrræði og fjölda umsókna um þjónustu Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum árána 2019, 2020 og 2021 borið saman við úrræði og fjölda umsókna til Barna- og fjölskyldustofu á sama tímabili árið 2022. Þá eru einnig að finna upplýsingar frá Barnahúsi á sama tímabili.

Umsóknir til Barna- og fjölskyldustofu

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barna- og fjölskyldustofu fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 miðað við sama tímabil árið á undan úr 38 umsóknum í 41. Flestar umsóknir bárust um MST, eða alls 34 umsóknir, heldur fleiri en árið áður. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 43,9% og fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir stúlkur en drengi, líkt og í fyrra.

Beiðnum til Barna- og fjölskyldustofu um fósturheimili fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 úr 38 beiðnum í 28 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnum um varanlegt fóstur fækkaði mest á milli ára, úr 13 á tímabilinu janúar fram í mars 2021 í 2 umsóknir á sama tímabili árið 2022. Flestar beiðnir bárust vegna barna í Reykjavík eða 53,6% allra umsókna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022. Fleiri umsóknir bárust vegna drengja, eða 71,4% allra umsókna.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast annars vegar í skýrslutökur fyrir dómi og hins vegar í könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir. Rannsóknarviðtölum fækkaði úr 123 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 í 102 fyrir sama tímabil á árinu 2022, en þau voru 95 árið 2020 og 49 árið 2019. Skýrslutökur fyrir dómi voru 54 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, 98 fyrir sama tímabil árið á undan en 64 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020. Mestu munaði þar um skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis, en einnig fækkaði skýrslutökum vegna kynferðisofbeldis á milli ára. Könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir voru 25-31 á fyrstu þremur mánuðum ársins árána 2019-2021 en 48 á sama tímabil á árinu 2022 og hefur því fjölgað töluvert. Þar af voru 7 könnunarviðtöl við fylgdarlaus börn sem er meira en allt árið 2019, allt árið 2020 og allt árið 2021. Stúlkur voru í miklum meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl fyrstu þrjú mánuði ársins 2022.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fjölgaði úr 28 í 30 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fjölgaði úr 117 dögum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021 í 177 daga fyrir sama tímabil árið 2022. Alls komu 17 börn á lokaða deild á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, en þau voru 22 á sama tímabili á árinu 2021.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 13 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 og fækkaði því um eina samanborið við sama tíma árið á undan, þegar 14 umsóknir bárust.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Umsóknir um meðferð


Umsóknir um meðferð eftir meðferðarúrræði

Hér á eftir má finna fjölda umsókna um meðferðir fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund meðferðar	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	4	11,4	7	14,6	12	31,6	6	14,6
Önnur meðferðarheimili*	9	25,7	4	8,3	1	2,6	1	2,5
MST	22	62,9	37	77,1	25	65,8	34	82,9
Alls	35	100	48	100	38	100	41	100

* Laugaland og Lækjarbakki. Laugalandi var lokað um mitt ár 2021.

Fjöldi umsókna eftir úrræðum



Á fyrstu 3 mánuðum ársins 2022 bárust 6 umsóknir vegna meðferðardeildar Stuðla, en líkt og hér má sjá voru umsóknir á meðferðardeild Stuðla tvöfalt fleiri fyrstu 3 mánuði ársins 2021.

Á tímabilinu janúar til mars 2022 barst aðeins ein umsókn vegna annarra meðferðarheimila en slíkum umsóknum hefur farið fækkandi undanfarin ár.

Þá bárust 34 umsóknir vegna MST fyrstu þrjú mánuði ársins 2022, sem eru heldur fleiri umsóknir en fyrstu þrjú mánuði ársins 2021, en í takt við fjölda umsókna ársins þar á undan.

Umsóknir um meðferð eftir landsvæði

Landsvæði	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	16	45,7	16	33,3	12	31,6	13	31,7
Nágrenni Reykjavíkur*	9	25,7	13	27,1	11	28,9	10	24,4
Landsbyggð	10	28,6	19	39,6	15	39,5	18	43,9
Alls	35	100	48	100	38	100	41	100

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um meðferð eftir kyni barns

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	23	65,7	28	58,3	18	47,4	19	46,3
Stúlkur	12	34,3	20	41,7	20	52,6	22	53,7
Alls	35	100	48	100	38	100	41	100


Fyrstu 3 mánuði ársins 2022 bárust flestar umsóknir frá nefndum á landsbyggð, eða 43,9% allra umsókna. Er það heldur meira en árin þar á undan.

Yfir helmingur þeirra umsókna sem bárust Barna- og fjölskyldustofu í janúar, febrúar og mars vegna meðferðarúrræða, var vegna stúlkna, líkt og árið þar á undan.

Beiðnir um fósturheimili

Hér á eftir má finna fjölda beiðna um fósturheimili eftir tegund fósturs fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Tegund fósturs	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Tímabundið	33	56,9	24	55,8	16	42,1	23	82,1
Varanlegt	16	27,6	11	25,6	13	34,2	2	7,2
Styrkt	9	15,5	8	18,6	9	23,7	3	10,7
Alls	58	100	43	100	38	100	28	100



Beiðnir um fósturheimili voru nokkuð færri fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 en á sama tímabili 2020. Sé miðað við árið 2019 hefur fjöldi beiðna um fósturheimili fækkað um helming. Þar sem fjöldi beiðna um fósturheimili getur verið nokkuð sveiflukenndur, sérstaklega þegar farið er yfir stutt tímabil líkt og hér, er ekki ljóst hvort um raunverulega fækkun er að ræða.

Flestar beiðnir voru vegna tímabundins fósturs, líkt og fyrstu þrjá mánuði fyrri ára, en veruleg fækkun var á umsóknum vegna varanlegs fósturs og styrkts fósturs miðað við sama tímabil.

Beiðnir um fósturheimili eftir landsvæði

Landsvæði	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	23	39,7	20	46,5	10	26,3	15	53,6
Nágrenni Reykjavíkur*	17	29,3	8	18,6	11	28,9	7	25,0
Landsbyggð	18	31,0	15	34,9	17	44,7	6	21,4
Alls	58	100	43	100	38	100	28	100

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Beiðnir um fósturheimili eftir kyni barns

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	30	51,7	18	41,9	19	50,0	20	71,4
Stúlkur	28	48,3	25	58,1	19	50,0	8	28,6
Alls	58	100	43	100	38	100	28	100

Á fyrstu 3 mánuðum ársins 2022 bárust flestar beiðnir um fósturheimili vegna barna sem bjuggu í Reykjavík eða 53,6% allra beiðna.

Þá bárust fleiri beiðnir um fósturheimili vegna drengja en stúlka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022.

Þjónusta í Barnahúsi

Hér á eftir má finna tölur um þjónustu sem Barnahús veitti fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Þjónusta í Barnahúsi

	2019	2020	2021	2022
Rannsóknarviðtöl	49	95	123	102
a. Skýrslutökur*	24	64	98	54
<i>Vegna kynferðislegs ofbeldis</i>	13	26	67	46
<i>Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi</i>	11	38	31	8
b. Könnunarviðtöl	25	31	25	48
<i>Þar af fylgdarlaus börn</i>	2	1	0	7
<i>Þar af hælisleitadi börn í fylgd forsjáraðila</i>	1	0	0	0
Greiningar- og meðferðarviðtöl	41	27	34	43
Læknisskoðanir	2	0	3	2

*Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í sex tilvikum á fyrstu þremur mánuðum ársins 2020 og í þremur tilvikum árið 2021.

Kyn barna sem sóttu þjónustu í Barnahúsi

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	16	32,7	39	41,1	47	38,2	17	16,7
Stúlkur	33	67,3	56	58,9	76	61,8	85	83,3
Alls	49	100	95	100	123	100	102	100


¹Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Heildarfjöldi rannsóknarviðtala var lægri á fyrsti þremur mánuðum ársins 2022 en á sama tímabili 2021 en meira í samræmi við árið 2020. Fleiri stúlkur en drengir sóttu þjónustu á tímabilinu janúar til mars 2022, líkt og fyrri ár. Hlutfall stúlkna var þó töluvert hærra á fyrstu mánuðum ársins 2022 samanborið við 2019-2021.

Rannsóknarviðtöl, kynjaskipt

	2019		2020		2021		2022	
	<i>Fjöldi</i>	%	<i>Fjöldi</i>	%	<i>Fjöldi</i>	%	<i>Fjöldi</i>	%
a. Skýrslutökur	24		64		98		54	
<i>Drengir</i>	8	33,3	31	48,4	39	39,8	5	9,3
<i>Stúlkur</i>	16	66,7	33	51,6	59	60,2	49	90,7
b. Könnunarviðtöl	25		31		25		48	
<i>Drengir</i>	8	32,0	8	25,8	8	32,0	12	25,0
<i>Stúlkur</i>	17	68,0	23	74,2	17	68,0	36	75,0

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rétt um 91% skýrslutaka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 voru vegna stúlkna, en það er töluvert hærra hlutfall en síðastliðin ár. Stúlkur voru einnig í meirihluta í könnunarviðtölum en hlutfallið þó sambærilegra því sem hefur verið síðastliðin ár.



Mikil aukning hefur verið á umfangi starfsemi Barnahúss síðastliðin þrjú ár. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 voru rannsóknarviðtöl alls 102, en það eru skýrslutökur annarsvegar og könnunarviðtöl hins vegar. Skýrslutökur í janúar og fram í mars 2022 voru 54. Er það fækkun, miðað við sama tímabil árið 2021 og 2020 en aukning sé miðað við 2019. Munar þar helst um skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldis en slíkar skýrslutökur voru 8 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, samanborið við 31 og 38 árin tvö á undan. Skýrslutökur vegna kynferðislegs ofbeldis voru 46, færri en voru árið 2021 en fleiri sé miðað við 2019 og 2020.

Alls voru könnunarviðtöl 48 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, eða 92% fleiri en á sama tímabili 2019 og 2021 en 55% fleiri sé miðað við janúar fram í mars 2020.

Lokuð deild á Stuðlum

Hér á eftir má finna fjölda upplýsingar um fjölda barna, vistana og vistunardaga á lokaðri deild Stuðla fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig

Lokuð deild á Stuðlum

	2019	2020	2021	2022
Fjöldi vistana	44	52	28	30
Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl.	237	232	117	177
Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008	0	0	35	0
Fjöldi einstaklinga	25	30	22	17

Kyn barna sem voru á lokaðri deild Stuðla

Kyn barna	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	12	48,0	23	76,7	19	86,4	13	76,5
Stúlkur	13	52,0	7	23,3	3	13,6	4	23,5
Alls	25	100	30	100	22	100	17	100

Fjöldi vistana á lokaðri deild Stuðla voru 30 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022, en það er svipaður fjöldi og árið á undan. Vistunardagar voru 177 í janúar fram í mars 2022 og eru það fleiri dagar en á sama tímabili 2021 en færri en árin þar á undan.

Fjöldi barna á lokaðri deild Stuðla fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 voru 17 börn, og þar af var yfirgnæfandi meirihluti strákar.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Samkvæmt nýjustu breytingum á Barnaverndarlögum (80/2002) veitir Gæða- og eftirlitsstofnun nú leyfi til að taka börn í fóstur að undanfenginni umsögn Barna- og fjölskyldustofu en áður tók Barnaverndarstofa við slíkum umsóknum.

Þær tölur sem hér birtast eru fjöldi umsókna um leyfi til að gerast fósturforeldrar fyrstu 3 mánuði hvers árs fyrir sig. Tölur frá 2022 eru því umsóknir sem borist hafa til Gæða- og eftirlitsstofnunar, samanborið við sambærilegar tölur frá 2019-2021 sem Barnaverndarstofa birti áður.

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknirnar	2019		2020		2021		2022	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni*	6	42,9	3	27,3	10	71,4	7	53,8
Vesturland	3	21,4	1	9,1	0	0,0	1	7,7
Vestfirðir	1	7,1	0	0,0	1	7,1	0	0,0
Norðurland	1	7,1	2	18,2	2	14,3	2	15,4
Austurland	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Suðurland	1	7,1	4	36,4	1	7,1	2	15,4
Reykjanes	2	14,3	1	9,1	0	0,0	1	7,7
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
Samtals	14	100	11	100	14	100	13	100

*Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar voru 13 á tímabilinu janúar fram í mars 2022 og er það svipað og síðustu ár.